

Minnisblað

Til: Bæjarráð / bæjarstjórn
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 29. september 2023
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - gjaldskrár 2024

Mál um gjaldskrár Ísafjarðarbæjar árið 2024 hafa verið tekin fyrir í öllum fastanefndum og vísað til samþykktar í bæjarstjórn. Flestar gjaldskrár voru teknar fyrir á fleiri en einum fastanefndafundi og gögn unnin fyrir og milli funda af starfsmönnum með það að markmiði nefndarfulltrúar og bæjarstjórn gætu tekið gagnadrifnar ákvarðanir.

Horft var til ákvörðunar bæjarráðs á 1252. fundi, þann 28. ágúst 2023, þar sem samþykktur var rammi áætlunar 2024 og forsendur fyrir breytingum með vísan til áætlaðra breytinga á launavísitölu (8%) og neysluverðsvísitölu (6%) á næsta ári.

Neðangreint má finna helstu breytingar á gjaldskrár, sem lagðar eru fram til samþykktar í bæjarstjórn:

1. Menningarmálanefnd

Söfn:

Almenn hækkun 6% á flestum liðum, nema 8% hækkun vegna vinnuliða. Tekinn út liðurinn „plöstun bóka“ þar sem eftirspurn á þjónustu hefur ekki verið til staðar. Millisafnalán hækkar upp í 1.300 með vísan til hækkandi póstsendingarkostnaðar.

Minnisblað sviðsstjóra dags. 15. sept. 2023

2. Skipulags- og mannvirkjanefnd

Gatnagerðargjöld og byggingaleyfisgjöld:

Gatnagerðargjöld – Breyting á % af grunni gatnagerðargjalds, til hvatningar á byggingu íbúðarhúsa. Jafnframt horft til þess að heimild til tímabundinnar niðurfellingar gatnagerðargjalda rennur út 31. desember 2023, og ekki fyrirhuguð framlenging.

Forði	Þjónusta	Gjald 2023	Gjald 2024
	Gatnagerðargjöld		
TD-SB-GA01	Einbýlishús	9,0%	6,5%
TD-SB-GA02	Rað- og sambýlishús, mest 4 íbúðir	6,5%	6,0%
TD-SB-GA03	Fjölbýlishús, 5 íbúðir og fleiri	4,5%	4,0%
TD-SB-GA04	Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	5,5%	5,5%
TD-SB-GA05	Iðnaðarhúsnæði og annað atvinnuhúsnæði	3,5%	5,5%
TD-SB-GA06	Bífreiðageymslur, áður byggð hverfi	5,5%	4,0%
TD-SB-GA07	Skólamannvirki	6,0%	6,0%
TD-SB-GA08	Sólskálur	4,5%	4,5%
TD-SB-GA09	Sumarhús	3,0%	4,5%

Byggingaleyfisgjöld – Almennt 6% hækkun. Bæta þarf við lið um yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, þar sem þjónusta Þjóðskrár vegna þess er hætt. Byggingafulltrúi sér um þetta núna, auk útvistunar.

Minnisblað byggingafulltrúa dags. 22. ágúst 2023

Minnisblað byggingafulltrúa dags. 27. sept. 2023

Skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi

Almennt 6% hækkun, auk nýs afgreiðslugjalds vegna ýmissa breytinga sett fast í gjaldskrá, kr. 7.500.

Slökkvilið:

Meiri uppskipting gjaldskrár: fjórar tekjudeildir – slökkvitækjapjónusta, útleiga tækja, öryggisþjónusta, lögbundin þjónusta.

Horft til bann við niðurgreiðslu samkeppnisreksturs og reglna um að greitt sé fyrir raun kostnað af þjónustu.

Slökkvitækjapjónusta – 8% hækkun á vinnuliði, auk nýrra liða vegna nýrrar þjónustu.

Útleiga tækja – 8% hækkun og ný tækin tekin inn.

Öryggisþjónusta – vöktun brunavarnar- og þjófavarnarkerfi. 8% hækkun vinnuliða. Lágmarksinnheimta eftir kl. 16 á virkum dögum, og um helgar, eru 4 klst. útkall. Tímagjald eftir 4 klst. bætt við. Byggist á raunkostnaði.

Lögbundin verkefni - 8% hækkun vinnuliða. Lágmarksinnheimta eftir kl. 16 á virkum dögum, og um helgar, eru 4 klst. útkall. Tímagjald eftir 4 klst. bætt við. Byggist á raunkostnaði.

Minnisblað slökkviliðsstjóra og fjármálastjóra dags. 1. sept. 2023

3. Skóla- og tómstundasvið

Fræðslunefnd

Lagt til að gjaldskrár fræðslunefndar, þ.e. matur, og dægradvöl taki ekki breytingum um áramót, heldur haldist núverandi gjaldskrá 1. ágúst 2024, og framvegis muni þessar gjaldskrár gilda allan skólaveturinn, í þess að breytast á miðju skólaári. Leikskólagjöld hækki þó um 6% og gildi til 1. ágúst 2024. Í kjölfarið muni allar þrjár gjaldskrár taka breytingum fyrir næsta skólavetur, sem einfaldar vinnu álagningarkerfum, og gjöld verða gagnsærri til foreldra fyrir allan veturinn.

Lagt er til að systkinaafsláttur hækki úr 30% í 40%.

Lagt er til að tekjutengd viðmið verði óbreytt.

Lagt er til að gjaldskrá fyrir útselda vinnu skóla- og tómstundasviðs hækki um 8%, og leiguskrá grunnskóla um 6%.

Íþrótt- og tómstundaneftnd

Lagt er til að gjaldskrá á sundstöðum og skíðasvæði hækki almennt um 6%, auk þess sem skæralyfta var keypt á árinu, sem verður leigð út á kr. 6.500, pr. klst.

4.-7. Umhverfis- og framkvæmdaneftnd

4. Fráveita

Lagt er til að samþykkt um fráveitu verði breytt og heimilað verði að leggja á fast gjald kr. 8000 og gjald kr. 185 á m². Sama fasta gjald og verð á m² yrði fyrir bæði íbúðarhúsnæði og aðrar húseignir.

Með þessari breytingu hækka holræsagjöld á íbúðarhúsnæði aðeins um 4,1% frá árinu 2023 en holræsagjöld á annað húsnæði hækkar um 24,9%. Í heildina hækka holræsagjöld um 11% frá árinu 2023. Miklar framkvæmdir eru framundan í fráveitumálum, fráveitumannvirki verða reist á Flateyri og Suðureyri og því nauðsynlegt að tryggja fjármagn þeirra með auknu fjármagni til að tryggja rekstrargrundvöll. Að auki er lagt til að veitusvæði verði skilgreind í 5 svæði, Ísafjörður, Hnífsdalur, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri með það í huga að á næstu árum verði hvert svæði kostnaðargreint til að gjaldskrá hvers svæðis endurspegli kostnað þess. Nýtt fyrirkomulag jafnar töluvert kostnað á milli byggðakjarna þar sem sama þjónusta er veitt.

Til að sjá áhrifin á eiganda íbúðarhúsnæðis viðmiðunareignar þá lækkar þetta fyrirkomulag töluvert gjöld íbúðareiganda á Ísafirði og Hnífsdal. Hækkunin er mest á Þingeyri eða um 8.500 kr. á ári, á Flateyri eykst kostnaður um 5.100 á ári og Suðureyri um 4.000 kr. á ári. Með þessi fyrirkomulagi eru sömu fráveitugjöld greidd fyrir sömu stærð húsnæðis hvort sem búið er á Ísafirði eða Þingeyri.

Aðrir liðir hækki almennt um 6%.

5. Sorpgjöld

Lögð er til 15% hækkun á gjaldskrá sorphirðu til að mæta auknum kostnaði vegna vísitöluhækkana og viðbótar útgjalda. Gjöld á viðmiðunareign, íbúðarhús með tvær tvískiptar tunnur er 68.750 fyrir árið 2023 og hækkar í 79.000 fyrir árið 2024. Hækkunin á íbúa viðmiðunareignar nemur 10.250 kr. yfir heilt ár eða 854 kr. á mánuði. Gjald vegna 120 L tunnu tekið út þar sem ekki hefur verið hægt að skaffa þær.

6. Vatnsveita

Lagt er til að samþykkt/gjaldskrá um vatnsveitu verði breytt og heimilað verði að leggja á fast gjald á hverja eign og gjald á m². Sitthvort gjaldið yrði fyrir íbúðarhúsnæði og aðrar húseignir.

Með þessari breytingu lækka vatnsgjöld á íbúðarhúsnæði um 13,1% frá árinu 2023 en vatnsgjöld á annað húsnæði hækkar um 0,2%. Í heildina lækka vatnsgjöld um 2,6% frá árinu 2023. Að auki er lagt til að veitusvæði verði skilgreind í 5 svæði, Ísafjörður, Hnífsdalur, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri með það í huga að á næstu árum verði hvert svæði kostnaðargreint til að gjaldskrá hvers svæðis endurspegli kostnað þess. Nýtt fyrirkomulag jafnar töluvert kostnað á milli byggðakjarna þar sem sama þjónusta er veitt.

Til að sjá áhrifin á eiganda íbúðarhúsnæðis viðmiðunareignar þá lækkar þetta fyrirkomulag töluvert gjöld íbúðareiganda á Ísafirði og Hnífsdal. Hækkunin er mest á Þingeyri eða um 742 kr. á ári, á Flateyri eykst kostnaður um 291 á ári og Suðureyri um 147 kr. á ári. Með þessi fyrirkomulagi eru sömu vatnsveitugjöld greidd fyrir sömu stærð húsnæðis hvort sem búið er á Ísafirði eða Þingeyri.

Aðrir liðir hækka almennt um 6%.

Varðandi þessar þrjár gjaldskrár er vísað til frekari upplýsinga í minnisblaði fjármálastjóra um þær þrjár fyrir bæjarráð, dags. 29. sept. 2023 (merkt „4.-6. Minnisblað - Gjaldskrá 2024 - Fráveita, Vatnsveita, Sorp“).

7. Áhaldahús

Lagðar eru til almennar hækkanir 8%, enda flestir liðir tengdir vinnu starfsmanna.

7. Dýrahald

Lagt er til að gjaldskrá vegna dýrahalds haldist óbreytt á milli ára, annað árið í röð.

7. Skrúður

Lagt er til að gjaldskrá vegna aðgangs í Skrúðs verði kr. 300 og gætt verði að innheimtu hjá öllum ferðaðþjónustuaðilum, sem hefur fjölgað nokkuð á þessu ári í skipulögðum rútuféðum.

7. Tjaldsvæði

Lögð er til almenn 6% hækkun gjaldskrár tjaldsvæðisins á Þingeyri.

8. Velferðarnefnd

Lagðar eru til almennar verðhækkanir 6% á flesta liði gjaldskrár, en 8% vegna vinnuliða (heimþjónusta, matarþjónusta og útseld vinna).

Lagðar eru til breytingar á heimþjónustu, þannig að almennt gjald verði hækkað um 8%, en tekjuviðmið einföldum. Mánaðartekjur einstaklinga á bilinu kr. 331.560-464.940 greiði það gjald, en aðrir fái frítt. Sama á við um hjón með tekjur á bilinu kr. 537.840-743.904.

Á árinu 2023 voru tvö gjöld, fullt gjald, og svo lægra gjald fyrir tekjulægri, og svo frítt fyrir enn tekjulægri.

Þá eru tekjuviðmið vegna fasteignagjaldaafslátta hækkuð um 8%.

Ekki var tekin afstaða til verð félagslegs leiguhúsnaðis, og sú gjaldskrá því lögð fram til kynningar, en hækkanir þar taka mið af vísitölu í leigusamningum.